



ORKA

Okkar eigin orkunotkun

Verkefni fyrir 4-10 ára

Nemendur læra um orku sem við notum í daglegu lífi og velta fyrir sér eigin orkunotkun.



Markmið

- Að börn öðlist skilning á því að orkan sem við notum í daglegu lífi kemur frá náttúrunni
- Að börn átti sig á því að með því að spara orku séu þau að hugsa um umhverfið
- Að börn fái tækifæri til þess að hafa áhrif á orkunotkun í skólanum sínum



Aðferð

Börnin fá fyrirmæli um að loka augunum og koma sér þægilega fyrir. Kennarinn biður nemendur um að hugsa um tímann frá því þegar þau vöknudðu í morgun og þangað til þau komu í leikskólann/skólann. Að hugsa um allt sem þau/eða mamma og pabbi notuðu um morguninn sem knúið er áfram af rafmagni.

Þau nota fingurna til þess að telja í hljóði (ca. 1 ½ mínúta), opna svo augun og skiptast á að segja töluna og jafnvel telja upp þá hluti sem þau notuðu.

Hér gætu nemendur nefnt hluti sem ekki ganga fyrir rafmagni og þá gefst tækifæri til þess að ræða það. Einnig er líklegt að nemendur telji upp mun færri hluti en þeir í raun nota, það er líka tækifæri til þess að ræða meira um hluti sem eru knúnir áfram af rafmagni en börnin átta sig ekki á.

Í kjölfarið er farið í umræður um rafmagn í leikskólanum/skólanum:

Í hvað notum við rafmagn hér í leikskólanum/skólanum?

Hvaðan kemur orkan sem þarf til þess að við fáum rafmagn í húsin okkar og skólann?

Mismunandi aðferðir til raforkuframleiðslu ræddar og lögð áhersla á að náttúran veitir okkur orkuna. Rætt hvort og hvernig hægt væri að minnka orkunotkunina.

Hér eru nokkrar hugmyndir sem bæta má við verkefnið

- Rafmagnslaus dagur í skólanum
- Börnin útbúa veggspjöld/minnismiða sem hvetja til minni orkunotkunar
- Líf okkar og líf fólks á öldum áður borið saman í sambandi við orku
- Líf okkar og fólks annars staðar í heiminum borið saman á svipaðan hátt